

## KÖNNUN UM AÐGENDI FYRIRTÆKJA AÐ FJÁRMAGNI (E. SURVEY ON THE ACCESS TO FINANCE OF ENTERPRISES, SAFE)

Kæri viðtakandi,

Rannsóknafyrirtækið Kantar Public, með höfuðstöðvar í Belgíu, og sjálfstæða markaðsrannsóknafyrirtækið GDCC, í Hollandi, annast framkvæmd mikilvægrar könnunar fyrir hönd framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og bjóða nú þínu fyrirtæki að taka þátt.

Framkvæmdastjórnin og Seðlabanki Evrópu vilja átta sig betur á þeim málefnum og kringumstæðum sem lítil, meðalstór og stór fyrirtæki sem eru utan fjármálageirans standa frammi fyrir þegar kemur að aðgengi að fjármagni frá bönkum og öðrum fjármögnunarleiðum. Könnunin er framkvæmd um alla Evrópu og niðurstöðurnar munu nýtast framkvæmdastjórninni við stefnumótun um bætt aðgengi fyrirtækja eins og þíns fyrirtækis að fjármagni, sem og nýtast Seðlabanka Evrópu við gerð peningamálastefnu sinnar.

Það tekur um 15 mínútur að framkvæma viðtölin í síma, en þau fara fram í samræmi við alþjóðareglur ICC/ESOMAR um markaðs- og samfélagsrannsóknir. Það þýðir að farið verður með svörin þín sem algjört trúnaðarmál. Við viljum ræða við þann einstakling sem bestur er til þess fallinn að ræða um fjármál fyrirtækisins þíns. Ef þú ert ekki sá einstaklingur skaltu láta okkur vita þegar við höfum samband við þig næst í síma. Viðtölin munu fara fram á næstu vikum.

Ef þú getur tekið þátt munum við senda þér samantekt á helstu niðurstöðunum þegar rannsókninni er lokið.

Ef þú vilt fá frekari upplýsingar um verkefnið skaltu hafa samband við GDCC í gegnum [survey.accesstofinance@gdcc.com](mailto:survey.accesstofinance@gdcc.com) eða Seðlabanka Evrópu í gegnum [survey.accesstofinance@ecb.europa.eu](mailto:survey.accesstofinance@ecb.europa.eu).

Virðingarfyllst,



Ioannis Ganoulis  
Forstöðumaður á sviði  
hagskýrsla um peningamál og  
efnahagslíf  
Seðlabanka Evrópu



Valentina Superti  
Framkvæmdastjóri, Vistkerfi II: ferðamál  
og nærumhverfi  
Stjórnarsvið fyrir innri markað, iðnað,  
frumkvöðlastarfsemi og lítil til meðalstór  
fyrirtæki  
Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins